

136

28. nóv.

8. gr.

Jafnan þegar eytt er til muna úr lyfjaskrini skips af einhverju lyfi eða umbúðum, skal skipstjóri sjá um, að viðbót sé fengin, þegar er því verður við komið, enda skal skipi ekki lagt úr höfn, þar sem er lyfjabúð eða lækni, nema þess sé gætt. Sérstaklega skal þess gætt um lyf, sem verður óvirkt við geymslu, að endurnýja það í tæka tíð.

9. gr.

Þegar um mjög stór farþegaskip er að ræða eða óvenjulegan farþegaflutning milli landa á öðrum skipum en farþegaskipum eða gera má ráð fyrir, að skipverði óvenjulega lengi úr höfn eða sigli til hitabeltislanda eða annarra staða, þar sem hætta er á sérstökum sóttum, skal taka meiri forða lyfja og umbúða í lyfjaskrín skips en annars er fyrir mælt og jafnvel bæta nauðsynlegum lyfjategundum við, hvort tveggja eftir nánari fyrirmælum héraðslæknis, er þá skal jafnan kvaddur til.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, öðlast gildi 1. janúar 1956, og fellur jafnframt úr gildi tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og lækniáhöld í íslenskum skipum, ásamt tilskipun nr. 85 7. september 1942, um breytingu á fyrrnefndri tilskipun.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1955.*

**Ólafur Thors.**

*Páll Pálmason.*

137

27. des.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 91/1955, um innheimtu ýmissa gjalda 1956 með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 91/1955 og innheimta á árinu 1956 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald samkvæmt lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- Með 200% viðauka gjöld samkv. IX kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum, samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1955.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigr. Klemenzson.*